

103

12. sept.

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegininn í Þingeyrarhreppi.

1. gr.

Sýsluvegurinn í Þingeyrarhreppi er í samþykkt þessari nefndur sýsluvegurinn, er liggur frá Þjóðveginum til Hrafnseyrar að Hvammi, og frá svo nefndum Byggðarenda í Þingeyrarkauptúni til Haukadals.

2. gr.

Samþykkt þessi nær yfir allan Þingeyrarhrepp.

3. gr.

Sýsluveg þennan skal gera akfæran vögnum og bifreiðum hið fyrsta að unnt er. Það, sem ekki er þegar fullgert af veginum, skal lagt eftir fyrirmælum vegamálastjóra.

4. gr.

Sá hluti vegakostnaðarins, sem ekki fæst greiddur úr ríkissjóði, greiðist þannig:

- a. Sveitarsjóður Þingeyrarhrepps greiði að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hluta hans.
- b. $\frac{1}{3}$ hluti greiðist úr sýslusjóði, þó ekki yfir 400 kr. á ári, nema sérstakt samþykki sýslunefndar komi til.

5. gr.

Tillag Þingeyrarhrepps til sýsluvegarins skal sveitarstjórnin taka upp í fjárhagsáætlun hreppsins, þegar hún jafnar sveitarútsvörum niður. Ákveður hún þá, hve mikið skuli leggja til vegarins ár hvert.

6. gr.

Skýlt er hreppsnefnd Þingeyrarhrepps, að annast um framkvæmdir á vegalagningunni, ef ekki er annað til skilið af vegamálastjóra. Verkakaup í vinnunni við veginn greiðir Þingeyrarhreppur samkvæmt þeim kauptaxta, er gildir um vegavinnu ríkissjóðs, ef ekki er öðruvísi um samið.

7. gr.

Hreppsnefndin skal árlega leggja fram reikning með fylgiskjölum yfir allar greiðslur til sýsluvegarins, svo og kvittanir fyrir innborgunum þeim, er 4. gr. samþykktar þessarar áskilur. Skal reikningurinn síðan endurskoðaður með hreppsreikningnum og lagður fyrir sýslunefnd til samþykktar.

8. gr.

103

Brot á samþykkt þessari varðar sektum allt að 200 kr., sem renna í sveitar-sjóð. Með mál út af samþykkt þessari skal farið sem opinbert lögreglumál.

12. sept.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. október 1934 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

S A M Þ Y K K T

104

um sýsluvegin „Suðureyrarveg“ í Suðureyrarhreppi.

12. sept.

1. gr.

Suðureyrarvegur í Suðureyrarhreppi nær frá 10 m. innan við Suðureyrar-kauptún að Þjóðveginum á Dagverðardal (Breiðadalsheiðarvegi).

2. gr.

Samþykkt þessi nær yfir allan Suðureyrarhrepp.

3. gr.

Suðureyrarveg skal gera akfæran vögnum og bifreiðum svo fljótt, sem unnt er, og skal hann gerður undir umsjón og eftir fyrirmælum vegamálastjóra.

4. gr.

Sá hluti vegarkostnaðarins, sem ekki fæst greiddur úr ríkissjóði, greiðist þannig:

- a. Sveitarsjóður Suðureyrarhrepps greiði að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hluta hans.
- b. $\frac{1}{3}$ hluti greiðist úr sýslusjóði, þó ekki yfir 400 kr. á ári, nema sérstakt samþykki sýslunefndar komi til. Auk þess skal áætla sérstakt framlag úr sýslusjóði er til vegaframkvæmda kemur á Botnsheiði eða í Botnsdal.

5. gr.

Tillag Suðureyrarhrepps til vegarins skal sveitarstjórn taka upp í fjárhags-áætlun hreppsins þegar hún jafnar niður sveitarútsvörum. Ákveður hún þá hve mikið skuli leggja til vegarins ár hvert.

6. gr.

Skylt er hreppsnefnd Suðureyrarhrepps að annast um framkvæmdir á vegalagningunni, ef ekki er annað tilskilið af vegamálastjóra.